

Reglur um úthlutun lóða í Hveragerði.

samþykktar í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 9. október 2003.

1. Almenn

Með lóðarumsókn skal umsækjandi leggja fram upplýsingar um:

- umsækjanda s.s. nafn, kennitölu, heimilisfang o.fl.
- áætlaða hússtærð.
- áætlað byggingarefni.
- áætluð byggingaráform og byggingarhraða.
- áætlaðan byggingarkostnað við fullfrágengið hús og lóð.

Fylgiskjöl með lóðarumsókn skulu að jafnaði vera:

- greiðslumat.
- staðfesting viðskiptabanka.
- önnur gögn sem umsækjandi telur að komi honum að gagni við lóðarúthlutun.

Rangar eða ótrúverðar upplýsingar eða fylgiskjöl geta valdið því að umsókn verði ekki tekin til greina.

2. Íbúðarhúsnæði:

Við úthlutun lóða fyrir einbýlishús gilda eftirfarandi reglur:

- Umsóknir frá einstaklingum, sem ekki hafa fengið úthlutað lóð í Hveragerði síðastliðin þrjú ár, sitja að jafnaði fyrir.
- Umsóknir frá einstaklingum sitja að jafnaði fyrir umsóknum frá fyrirtækjum.
- Að jafnaði verður litið á umsóknir fleiri en eins aðila með sama lögheimili, sem eina og sömu umsóknina.

Við úthlutun lóða fyrir par-, rað- og fjölbýlishús eru allar umsóknir, að jafnaði, jafnréttáar.

Við staðfestingu lóðarumsóknar skal umsækjandi:

- ef um einstakling er að ræða, leggja fram samþykkt greiðslumat frá íbúðarlánasjóði.
- ef um fyrirtæki er að ræða, leggja fram ársreikning sl. árs og staðfestingu frá viðskiptabanka um fjárhagslega aðstoð við byggingarframkvæmdina.
- samþykkja með undirritun sinni, byggingar- og skipulagsskilmála sem fylgja lóðinni.
- staðgreiða staðfestingargjald að upphæð kr. 50.000,- pr. íbúð. Helmingur staðfestingargjaldsins er óendurkræft gjald, falli umsækjandi á síðari stigum frá lóðarumsókn sinni. Staðfestingargjald skal bókfæra sem fyrirframgreiðslu á byggingarleyfis- og gatnagerðargjaldi.

3. Atvinnuhúsnæði.

Umsækjandi lóðar fyrir atvinnuhúsnæði skal leggja fram eftirtalin fylgiskjöl með lóðarumsókn, bæjarráði til hliðsjónar við lóðarúthlutun og val á milli umsækjenda:

- ítarlega greinargerð um fyrirhugaða starfsemi á lóðinni.
- byggingarlýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum.
- greinargerð um fyrri framkvæmdir umsækjanda.
- ársreikning félagsins, áritaðan af löggiltum endurskoðanda.

- önnur gögn sem umsækjandi telur að komi honum að gagni við ákvörðun bæjarráðs.
- staðfestingu frá viðskiptabanka um fjárhagslega aðstoð við byggingarframkvæmdina.

Við staðfestingu lóðarumsóknar skal umsækjandi:

- samþykkja með undirritun sinni, byggingar- og skipulagsskilmála sem fylgja lóðinni.
- staðgreiða staðfestingargjald að upphæð kr. 200.000,-. Helmingur staðfestingargjaldsins er óendurkræft gjald, falli umsækjandi á síðari stigum frá lóðarumsókn sinni. Staðfestingargjald skal bókfæra sem fyrirframgreiðslu á byggingarleyfis- og gatnagerðargjaldi.